

Nd.

185. Nefndarálit

[100. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1972, lög nr. 60/1973, lög nr. 10/1974 og lög nr. 11/1975.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að 2.7-falda núgildandi matsverð á fasteignum til eignarskattsálagningar. Jafnframt er lagt til að hækka þá fjárhæð, sem nú er skattfrjáls við eignaskattsálagningu, úr 1 millj. króna í 2 millj. króna, og nokkur breyting gerð á eignarskattsstiga. Við teljum ekki óeðlilegt að núgildandi matsverð á fasteignum sé hækkað til eignarskattsálagningar, en teljum hins vegar að jafnframt beri að hækka tilsvarendi þá fjárhæð sem telja skal skattfrjálsa. Af þeim ástæðum berum við fram svohljóðandi

BREYTINGARTHELLÖGU:

2. mgr. ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Fjárhæðir í skattstiga í 1. tl. 26. gr. 1. nr. 68/1971, sbr. 12. gr. 1. nr. 7/1972, hækki þannig að af fyrstu 2 700 000 kr. skattgjaldseign greiðist enginn skattur, af næstu 2 700 000 kr. skattgjaldseign greiðist 0.6% og af þeirri skattgjaldseign, sem þar er fram yfir, greiðist 1%.

Alþingi, 16. des. 1975.

Lúðvík Jósepsson,
frsm.

Gylfi Þ. Gíslason.